

Nd.

174. Frumvarp til laga

[99. mál]

um verkstjóranámskeið.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Árlega skal halda námskeið, ef nægileg þátttaka fæst, til þess að búa menn undir verkstjórarápróf. Námskeiðin skal halda á kostnað ríkissjóðs, undir sömu yfirstjórn og iðnskólarnir. Hvert námskeið skal vera allt að 6 mánuði að meðtöldum prófum.

2. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðin skulu vera þessi:

- a. Að nemandinn sé fullra 22 ára að aldri.
- b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans.
- c. að hann hafi óskert mannorð.
- d. Að hann hafi unnið 12 mánuði eða lengur við þá starfsgrein, sem hann vill taka verkstjórastarf í, og hafi auk þess verið flokkstjóri eða aðstoðarverkstjóri í sömu starfsgrein 4 mánuði eða lengur.
- e. Að hann hafi lokið miðskólaprófi eða tilsvarandi inntökuprófi.

3. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma. Verkstjórar með prófi og verkstjórar þeir, sem starfandi eru og starfað hafa sem verkstjórar, ganga fyrir öðrum um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu.

4. gr.

Með reglugerð skal setja ákvæði um það, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu og prófum skuli hagað, um skólagjald og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

5. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórarápróf, fær skirteini um það á eyðublaði, sem ráðuneytið gefur út. Á skirteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem próftaki hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skirteinið, og sömuléiðis forstöðumaður námskeiðanna.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum próftaka, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar þar, sem ráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn og forstöðumaður námskeiðanna staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

6. gr.

Rétt er að fela Iðnskólanum í Reykjavík að sjá um þessi námskeið, og skulu þau verða deild í þeim skóla jafnskjött og því verður við komið.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til ráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi. Það er samið af Geir G. Zoëga vegamálastjóra, Helga H. Eiríkssyni skólustjóra iðnskólans í Reykjavík og Jóhanni Hjörleifssyni formanni Verkstjórásambands Íslands, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með bréfi sangöngumálaráðuneytisins, dags. 2. júlí 1947, vorum við undirritaðir skipaðir í nefnd til þess að gera tillögur um kennslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni.

Á Alþingi 1939 var flutt frumvarp til laga um verkstjórn í opinberri vinnu. Var leitað umsagnar ýmissa opinberra embættismanna um frumvarpið, og voru þeir allir á einu máli um, að nauðsyn bæri til, að verkstjórar gætu átt kost á fræðslu í verkstjórn og öðrum námsgreinum, sem þeir þurfa að hafa kunnáttu í. Frumvarpinu var vísað til ríkisstjórnarinnar og hefur ekki komið frá henni aftur. En þar sem það frumvarp var um verkstjórn, en ekki fræðslu verkstjóra, taldi nefndin ekki ástæðu til að taka það eða einstök ákvæði þess til meðferðar.

Nefndin hefur aflað sér gagna og upplýsinga frá Norðurlöndunum um fyrirkomulag þessarar fræðslu þar, og hér innanlands um fjölda verkstjóra og þörf á fræðslu fyrir þá.

Á Norðurlöndum er verkstjórum kennt á námskeiðum, sem standa 1—3 mánuði á ári. Í Danmörku hafa Verkamannasambandið og Vinnuveitendasambandið í samvinnu við Landsforeningen til Arbejdsløshedens Bekæmpelse og Teknologisk Institut komið á fót skóla fyrir verkamenn og verkstjóra, Arbejdsteknisk Skole, sem rekinn er með styrk frá ríki og bæ. Er verkstjórum kennt þar 1—2 mánuði á ári í 3 ár, áður en þeir fá burtfararpróf, en þar á eftir geta þeir 4. árið fengið námskeið í sérgreinum, bæði á vegum Arbejdsteknisk Skole og eins í Teknologisk Institut.

Í Svíþjóð halda hin opinberu fyrirtæki ríkis og bæja, að mestu á eigin kostnað, nokkurra vikna námskeið árlega fyrir verkstjóra innan sinnar atvinnugreinar, auk þess sem Statens Hantverksinstitut hefur stutt námskeið í sérgreinum.

Í Noregi eru haldin 8 mánaða námskeið fyrir verkstjóra í vegagerð, rörlagningu og járnbrautarlagningu við Oslo elementærtekniske Skole og Stavanger elementærtekniske Skole, enda hafi verkstjóraefni 4—5 ára verklega æfingu eftir 19 ára aldur. Hliðstæð námskeið er verið að setja á stofn í fleiri greinum við 4 aðra tekniska skóla í Noregi, og við Teknologisk Institutt í Osló eru haldin stutt námskeið í sérgreinum

til skiptis fyrir verkstjóra í ýmsum greinum. Í Kongsberg er 2 ára skóli fyrir verkstjóra í námuiðnaðinum og eins árs skóli fyrir vopnasmiðina. Annars hafa Norðmenn á þrjónunum athugun á almennri skipulagningu verkstjórafræðslunnar.

Hér á landi hefur nokkur undanfarin ár verið haldið námskeið fyrir verkstjóra að tilhlutun Verkstjórasambands Íslands og undir stjórn vegamálastjóra. Hefur það venjulega staðið 6 vikna tíma og þátttaka verið góð. Í Verkstjórasambandi Íslands eru nú 374 verkstjórar í 35 starfsgreinum. Meiri hluti þessara manna eru sjálfmenntaðir, þ. e. þeir hafa alizt upp í starfinu og með hyggjuviti og athugun lært það mikið, að þeim hefur verið trúað fyrir verkstjórn. Er það augljós soun á tíma og starfskröftum, að hver verkamaður af öðrum og hver verkstjóri af öðrum þurfi sjálfir að vera að finna upp alkunn og sjálfösgð sannindi og þekkingaratriði, auk þess sem óhjákvæilegt er, að skýrslugerð og reikningshald verði eitthvað ábótavant hjá mönnum, sem lítið eða ekkert hafa lært til þeirra hluta. Þá ber og þess að gæta, að nú á síðari árum hefur, eins og kunnugt er, mikil breyting orðið á um nær allar vinnuaðferðir, þar sem véltæknin hefur tekið við af mannshöndinni. Hin breyttu vinnubrögð krefjast nýrrar þekkingar. Til þess að stjórna vinnuflokkum þar, sem vélar eru notaðar við flest störf, þarf víðtækari kunnáttu en áður útheimtist. Nefndin er því á einu máli um það, að tímabært sé og nauðsynlegt að halda uppi reglulegri fræðslu fyrir verkstjóra og verkstjóraefni og að fast fyrirkomulag verði haft á þeirri fræðslu.

Nefndin telur heppilegra fyrir íslenzkar aðstæður, að þessi fræðsla verði veitt á einu 6 mánaða námskeiði, en ekki dreifð á fleiri ár með styttri námskeiðum. Verði þá teknar fáar og sem skyldastar starfsgreinar saman í hvert sinn. T. d. mætti taka saman verkstjóra og verkstjóraefni í gatnagerð, vegagerð, hafnargerð, flugvallagerð, vatns- og hitaveitulögnum, undirstöðum undir ýmis mannvirki, svo sem oliugeyma o. fl., ýmissi byggingavinnu o. fl. sér; símalögnum og rafmagnsleiðslum sér; fiskverkun, síldarsóltun, síldarverksmiðjum o. fl. sér; afgreiðslumenn í pakkhúsum, hraðfrystihúsum og við skip sér; o. s. frv. Auk þess má halda stutt námskeið (2—3 vikur) í sérgreinum síðar.

Námsgreinar þær, sem kenna þarf, eru nokkuð mismunandi eftir flokkum, en þessar greinar hafa verið kenndar:

Stærðfræði, þar í reikningur og notkun reiknistokka.

Mælingar, þar á meðal hallamælingar og uppmælingar.

Kostnaðaráætlanir.

Skýrslugerð.

Vinnubókhald.

Byggingarefni, steinsteypa og sprengingar.

Vegagerð.

Jarðvegsfræði, framræsla o. fl.

Hirðing véla og verkfæra.

Hjálp í viðlögum og slysavarnir.

Iðnfræðilegar sérgreinar, þar sem það á við.

Kostnaður við slík námskeið fer eftir aðstæðum. Ef hægt yrði að setja þau í samband við iðnskóla eða aðra tekniska skóla, sem hefðu húsnæði, svo að ekki þyrfti að leigja það sérstaklega, yrði kostnaður við eina deild (25—30 nem.), sem þykir sennileg árleg þátttaka, sem hér segir:

Kennsla: 25 vikur, 40 st. á viku á 27.00	kr. 27 000.00
Kennslugögn, pappír o. fl.	— 500.00
Ljós, hiti og ræsting o. fl.	— 2 500.00

Samtals kr. 30 000.00

Ef hver nemandi greiddi kr. 500.00 í skólagjald, þyrfti ríkið að leggja til 15—18 þúsund á ári eftir þátttöku til þess að halda uppi þessum námskeiðum, sem mundi þó lækka, ef framlag fengist frá Reykjavíkurbæ.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að fyrir Alþingi verði lagt framangreint frumvarp til laga um þetta efni.“